



FARÐU Á EISTNAFLUG

Pungarokkshátíðin Eistnaflug er haldin í Neskaupstað á hverju ári. Flestar af helstu þungarokkshljómsveitum og rokkhljómsveitum landsins koma fram og þar má meðal annars nefna Skálmöld, Sólstafi, Mammút, Benny Crespo's Gang og ætlum við að hvetja lesendur til að kíkja á sunnlensku pönkhljómsveitina Elínu Helenu.

LIFÐU AF Í JÚLÍ



HLUSTAÐU

á sumarpoppið hans Jóns Jónssonar. Kappinn var að gefa út plötuna Wait For Fate og viljum við stinga upp á því að næsta plata fái nafnið Of Fate fyrir mig. Ekki? Jæja, Jón ætti allavega að ná að ylja Íslendingum í sumarhretinu, en á plötunni eru smellir á borð við Lately og When You're Around, sem hafa notið talsverðra vinsælda á öldum ljósvakans.

GRILLAÐU

Í guðs bænum settu eitthvað safaríkt á grillið. Það er svo fánánlega gott að fá sér góða steik eftir erfiðan dag í sólinni. Mælum með að fólk versli við kjötbúðir til að fá ferska vöru og svo er það bara að muna að grilla ekki of mikið. Rare, takk!



POPP er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.

Ritstjóri: Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is

Útlitshönnun: Arnór Bogason

Sölustjóri auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411

Útgefandi: 365 hf.



FERSKIR Á FERÐ UM EVRÓPU

Strákarnir í hljómsveitinni Agent Fresco ferðast nú um Evrópu. Þeir hafa komið víða við og krefjast þess að komast í sturtu eftir hverja tónleika, sem gerir lyktina í rútunni bærillegri.

„Maður er alltaf þínu hellaður þegar maður er búinn að sofa í bílnum,“ segir Arnór Dan Arnarson, söngvari Agent Fresco.

Agent Fresco er á tónleikaferðalagi um Evrópu og Popp náði í Arnór rétt áður en hljómsveitin tróð upp á Hróarskeldu-hátíðinni í Danmörku. Þar byrjuðu upprennandi hljómsveitir að troða upp í byrjun vikunnar, en hátíðin hefst með formlegum hætti í dag. Agent Fresco fór út um miðjan júní og hefur þegar komið fram í Þýskalandi, Sviss, Tékklandi, Slóvakíu, Póllandi, Austurríki, Hollandi og Danmörku.

„Þetta er búið að vera brjálað stuð og sjúklega skrautlegt,“ segir Arnór. „Þetta er fyrsti túrinn þannig að við vissum að við yrðum að vera tilbúnir að spila fyrir hvern sem er, hvar sem er. Við erum búnir að spila á stórum stöðum og allt niður í venjulega bari eins og í Reykjavík.“

Arnór segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar og að margir Evrópubúar hafi augljóslega kynnt sér hljómsveitina áður en þeir mættu á tónleika. „Það jákvæða er að það er sama hversu margir mæta, fólk syngur alltaf eitthvað með í lögunum þannig að fólk hefur greinilega hlustað á okkur áður en við mættum. Það er besta tilfinningin, þegar fólk er að syngja með í löndum þar sem þeir kunna ekki að tala ensku,“ segir Arnór í léttum dúr.

Agent Fresco ferðast um í níu manna langferðabíl ásamt hljóðmanni og fararstjóra. „Þetta er búið að vera sjúklega mikið ferðalag. Við keyrum stundum í tíu klukkutíma í senn,“ segir hann.

En hvernig er lyktin?
„Lyktin er sjúklega hressandi. Hluti af kröfunum okkar á tónleikastöðunum eru sturtur, þannig að við höfum verið duglegir við að þrifa okkur. Við erum því miður voða lítið rokk og ról, held ég. En við erum samt rennandi sveitir hérna.“

Arnór og félagar leggja mikla áherslu á að fá góða gistingu þar



FERSKIR Strákarnir í Agent Fresco fara ávallt í sturtu eftir tónleika.

sem þeir koma fram, en hingað til hafa þeir þurft frá að hverfa einu sinni vegna þess að aðstaðan var ekki nógu góð. „Það var gistaðurur sem við þurftum að yfirgefa í Sviss. Þetta var eins og neðanjarðarbyrgi,“ segir hann og hlær. „30 dýnur og nokkrar sturtur, ekkert net og járnhurð. Við neituðum að gista þar vegna þess að Vignir [bassaleikari] sá könguló.“

„Og hvað gerðuð þið?
„Við fengum hótél.“

atlifannar@frettabladid.is



TROÐIÐ Fullt af fólki mætti á tónleika Agent Fresco í Waldmeister í Þýskalandi.

ÚTSÖLUGLEÐI
GK REYKJAVÍK
20-60%
AFSLÁTTUR

ÞÉR OG ÞÍNUM ER BODIÐ Í ÚTSÖLUPARTY
FRÁ 18:00 - 20:00 Í KVÖLD.
HAPPADRÆTTI, LÉTTAR VEIGAR OG DÚNDRANDI FJER.

GK
REYKJAVÍK

LAUGAVEGI 66 - 101 REYKJAVÍK - S. 565 2820

Alltaf eitthvað nýtt



Bílaþvottakústar
2.995



Hleðslutæki 12V 6A
kr. 4.995



Hjólkoppar
12/13/14/15"
frá kr. 795



Úðabrúsi 5L
kr. 2.695



Ljósabretti kr. 6.785

Tröppur 5 þrepa
kr. 5.999 tilboð



Loftdæla
12V 30L
kr. 8.995



Bílabónvélar 3 gerðir
frá kr. 4.995



Loftmælir
kr. 2.750



Steypuskófla
kr. 1.710

Álskófla
kr. 2.695

Stungugaffall
kr. 3.395



Malarskóflur
frá kr. 1.195



Veltisög
kr. 49.995



Bútsög
kr. 19.995



Hjólsög
kr. 17.999



Kantskeri
kr. 1.695



Hjólbörur 80L
kr. 6.999



Malarhrífa
frá kr. 1.450



Stunguskóflur
frá kr. 1.695



Vinnuhanskar
frá kr. 175



Greinaklippur
frá kr. 785



Öryggisskápur
kr. 6.930



Fötur - margar gerðir
frá kr. 495



Garðslanga
15 mtr
kr. 1.970



Reiðhjólafestingar á kúlu
F/2-hjól kr. 4.785
F/3-hjól kr. 9.760



Sláttuorf
frá kr. 4.245



Barnahamar - léttur
kr. 499




Bogasög
kr. 965



12V Fjöltengi
kr. 1.995



12/24V Framlenging
kr. 999



Straumbreytir
12V->230V
kr. 7.995



Straumbreytir
230V->12V
kr. 3.985



Háþrýstipvottatæki
frá kr. 9.995



Yfirbreiðslur
- margar stærðir
2x3M kr. 580



Trésög 650 mm
kr. 695



Slípirokkur 500W
kr. 2.995



Myndlistavörur
í miklu úrvali



Strígar, ótal stærðir
frá kr. 195



Þekjulitir/Föndurlitir
frá kr. 480



Acryllitir 75 ml
kr. 480

Olíu/Acrýl/Vatnslitasett
12/18/24x12 ml
frá kr. 495



Gólftrönur
frá kr. 4.395



Hleðsluborvélar
fjöl margar gerðir
frá kr. 3.995



Keðjusög
kr. 17.999

16 ára

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-17, sun. kl. 13-17

BÚINN AÐ LIFA LÍFINU NOG

Ef þú hefur heyrt um rapparann Gísli Pálma eru góðar líkur á því að þú hafir fyrst heyrt um hann nýlega. Hann sendi frá sér lagið Set mig í gang á þjóðhátíðardaginn og annar hver maður hefur deilt myndbandinu við lagið á Facebook-vegg sínum undanfarnar vikur. Þar sést Gísli ber að ofan, hnykla vöðvana og í bakgrunni hefur Range Rover-jeppa verið lagt. Hann er reyndar í eigu vinar Gísli Pálma, sem er rétt að skriða yfir tvítugt. „Annar af tveimur,“ segir Gísli.

Orð: Atli Fannar Bjarkason

Myndir: Valli

Gísli Pálmi hefur ekki farið hefðbundnu leiðina í gegnum lífið. Frá barnsaldri voru ávallt mikil læti í kringum hann að eigin sögn. Á unglingsárunum fór líf hans svo úr böndunum, hann hætti í skóla og fetaði vafasama braut. Hann hefur verið að rappa síðasta áratug, eða helming ævi sinnar en hann er fæddur árið 1991, árið sem íslenska landsliðið í bridds vann sigur á heimsmeistaramóti í Yokohama í Japan og bófarappið í Bandaríkjunum blómstraði með nýjum plötum frá þá grjóthörðum Ice Cube og hljómsveitinni N.W.A. Gísli Pálmi vinnur tónlistina ásamt félaganum sínum

sem kallar sig FROSTY, en hann er nýkominn heim til Íslands frá Amsterdam þar sem hann lærði hljóðvinnslu.

„Hljómgæðin í þessu lagi voru ekki einu sinni fullkomin. Ég var svo æstur í að henda upp myndbandi að ég fékk hann til að hljóðblanda lagið á tæpum hálf tíma og sagði svo: „Ókei, flott!“,“ segir Gísli um smellið þeirra Set mig í gang. Gísli og FROSTY hyggjast gefa út lög vikulega á næstunni og framleiða myndbönd við þau öll. Myndböndin eru birt á Youtube og hægt er að hala öllum lögnum niður frítt. Þessar aðferðir eru vel þekktar vestanhafs



Sumar útsalan er hafin



30 - 70%
afsláttur

MINÐ

Smart verslun fyrir konur - Fírið Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

til að byggja upp aðdáendahóp, en rapparinn Lil' Wayne gerði aðferðina að list þegar hann dældi frá sér lögum í aðdraganda plötunnar Tha Carter III árið 2008. Meira en milljón eintök af plötunni seldust í vikunni sem hún kom út. Plötuútgáfa heillar hins vegar ekki Gísli Pálma — að minnsta kosti ekki á Íslandi.

„Við þekkjum nokkra stráka sem hafa gefið út hipphopp-plötur á klakanum. Þetta er bara basl. Það er ekki eins og þeir séu á samningi í Bandaríkjunum og platan sé allt í einu gefin út án þess að þeir lyfti putta. Þeir eru hlaupandi á milli staða með plakötin og myndirnar og eru að vinna alla vinnuna. Svo leggja þeir út fyrir þessu og vona að þeir komi út í plús. Það er enginn að kaupa geisladiska í dag. Ég hef ekki labbað inn í Skífuna með gjafabréf sem ég fékk í jólagjöf frá því að ég var átta ára,“ segir Gísli. „Við stefnum á að fara með tónlistina lengra, hvort sem það verður peningur til eða ekki. Við ætlum að senda frá okkur tónlist sem er núna í gangi. Eftir sumarið byrja ég að semja texta á ensku og eftir það getum við kannski komið okkur

á framfæri á heimsvísu. Þetta er sama tónlist og er spiluð í útvarpinu — það kemur alltaf versta tónlistin í íslenskt útvarp. Óútpældustu lögin.“

Gísli Pálmi er sonur athafnamannsins Sigurðar Gísli Pálmasonar, en hefur að eigin sögn ávallt unnið fyrir sínu og ekki notið fjárhags-

hlusta á tónlist. En „gangster“ er frekar asnalegt orð. Við erum bara venjulegir gaurar og erum búnir að ganga í gegnum margt. Búnir að taka þennan vesenspakka sundur og saman. Við erum samt ekki jafn grófir í dag, en ef einhvern langar að fara yfir strikið gagnvart mér er

**ÉG VAR ALVEG FARINN Í HAUSNUM
ALLS STAÐAR, TÓK ALLT ÓFRJÁLST
Í BULLANDI NEYSLU AUÐVITAÐ, RÆ
TIL AÐ RÚNTA.**

lega góðs af fjölskyldutengslum sínum. Hann er maður með fortíð og hefur innistæðu til að nota orðið „gangster“ til að lýsa tónlist sinni, þar sem hann rappar um eigið líf og segist ekki ljúga néinu. „Ég segi aldrei ósatt. Ég er ekki að fara að segja frá dýpstu leyndarmálunum mínum, en þetta er meira og minna allt satt. Ég geri þetta fyrir alla og sérstaklega hópinn minn, sem finnst gaman að

ég enn þá til alls líklegur.“

Aðspurður um viðbrögð við Set mig í gang segir Gísli kokhraustur að allir elski lagið og bætir við, ekki minna kokhraustur, að hreinlega allir hafi beðið eftir laginu. „Það vantaði svona tónlist. Það er búið að vera svo mikið pikudæmi í gangi. Það vantaði alvöru rapp. Á Íslandi eru þeir sem eru góðir í að skrifa texta ekki búnir að vera með nógu góða



er að dúndra tónlistinni út og fylgja henni eftir. Eins og ég segi, það eru svo margir sem fara í blöðin og segjast vera að gera þvílíka hluti. Svo gerist ekki rassgat; segjast ætla að gefa út geisladisk og hann kemur út ákveðinn dag, svo er beðið í heilt ár og það gerist ekki neitt. Fólk er að tala í staðinn fyrir að gera hlutina.“

En eitt lag á viku, kemur niður á gæðum tónlistarinnar að vinna hana svona hratt?

„Alls ekki, sko,“ segir FROSTY. „Þetta er grúv sem maður dettur í að einu kvöldi og við gerum lag með

texta og öllu saman. Trúðu mér, þetta verður bara betra og betra.“ Og Gísli Pálmi tekur við: „Það er heilmikil vinna að gera þetta á íslensku. Ég nota mikið af slangri og það gæti þetta enginn nema að vera búinn að ganga í gegnum það sem ég hef gengið í gegnum — að vera búinn að hanga á röngum stöðum síðustu tíu árin. Þaðan fæ ég þennan orðaforða. Það er mikið af földum skilaboðum í textunum, sem ég segi ekki beint út. Ég fel grófustu hlutina, þeir koma fram í öðru formi.“ Og FROSTY bætir við: „Ef þú ert bara

einhver sem þekkir ekki lífsstíl okkar, þá skilurðu hvað hann á við.“

Þegar Gísli er beðinn um útskýra nánar hvað hann meinar með að hanga á röngum stöðum segist hann hafa verið í tómu rugli frá ellefu ára aldri. Hann var ávallt yngstur í hópnum, FROSTY er til að mynda fimm árum eldri en hann, en var engu að síður sjálfur mjög ungur þegar þeir kynntust. „Ég var alveg farinn í hausnum og braust inn alls staðar, tók allt ófrjálsri hendi — alveg í bullandi neyslu auðvitað, rændi bílum bara til að rúnta. Ef það var eitthvað sem ég

gerði ekki, þá er það líklegast ekki hægt,“ segir Gísli Pálmi.

Og ertu búinn að snúa við blaðinu í dag?

„Já, algjörlega. Ég fann innri frið fyrir nokkrum árum. Ég fékk metnað fyrir öðru. Ég er búinn að lifa lífinu nóg. Í staðinn fyrir að eyða orkunni minni í allar þessar hringekjur sem ég hef verið í síðustu ár, þá ákvað ég að vernda orkuna og nýta hana í tónlist og ræktun á sjálfum mér.“

Gísli Pálmi er á Facebook, en þar má finna nýjustu myndböndin, lögin, myndir og fréttir.



Pedigree

Fyrir hundinn þinn

Sankti-Ice Forever Perfect (St. Bernharðs) vann tegundarhóp tvö og var valinn besti hundur sýningar. Heimsenda Stóri Skjálfti (Australian Shepherd) var valinn besti hundur tegundar og vann tegundarhóp eitt. Með þeim á myndinni eru Kresten Scheel dómarar frá Danmörku og Guðný Vala Tryggvadóttir og Hjörtur Eyþórsson eigendur.

Pedigree vann á sumarsýningu HRFÍ 2011

Við höfum áratuga reynslu af ræktun hunda og höfum prófað ýmsa valkosti í fóðrun. Niðurstaða okkar er að Pedigree sé besti og hagkvæmasti valkosturinn. Við treystum Pedigree fyrir hundunum okkar.

www.pedigree.is

Guðný Vala Tryggvadóttir og Hjörtur Eyþórsson hundaræktendur.

Adult healthy vitality



Pedigree® Adult Vitality er framleitt úr sérvöldum hráefnum sem fullnægja næringarþörf hundsins þíns í hverri máltíð.



Öll næring sem hundurinn þinn þarfnast: Réttu blanda af næringarefnum sem heldur hundinum þínum heilbrigðum og fullum af orku.

Heilbrigð húð og glansandi feldur: Rétt blanda af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þannig að hann hafi það gott og líti vel út.

Styrkir náttúrulegar varnir: Vitamín E, andoxunarefni og valin steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hundsins þíns.

Sterkar tennur og heilbriggt tannhold: Sér mótaðir stökkir bitar sem halda tönnum sterkum. Án viðbættis sykurs.

Vöðvabygging: Úrvaskjótprótein styrkir vöðva.



Þróað af dýralæknum



Engin tilbúin bragðefni



Enginn viðbættur sykur

Pedigree hvetur alla hundeigendur til að virða lög og reglur um hundahald.

takta undir og þeir sem eru góðir í að gera takta eru ekki að vinna með nógu góðum röppurum — eða eru kannski eins og Friðrik Dór sem er að syngja aðra tegund af tónlist. Formúlan er svipuð, en miklu mýkri. Viðtökurnar hafa verið ótrúlegar

OG BRAUST INN Í HENDI — ALVEG RÆNDI BÍLUM BARA

frá alls konar fólki. Allt frá þvílíkt metró-sexúal-gaurum sem eru í MR til atvinnulausra gangstera. Þetta er ótrúlegt. Annað hvort varstu „mainstream“ og hlustaðir á Friðrik Dór eða „underground“ að hlusta á Wu Tang. Allir þessir hópar eru að hlusta, sem kom okkur þvílíkt á óvart.“

FROSTY hefur hingað til verið nokkuð þögull, en sér sig knúinn til að taka undir orð Gísla: „Stefnan

Sumarsprengja



Allir stakir jakkar 9.900 kr.
Allar gallabuxur 5.900 kr.
Allar kvartbuxur 4.900 kr.
Allar skyrtur frá 3.900 kr.
Stuttermabolir frá 2.900 kr.
Bolir frá 990 kr.

OPNUNARTÍMI
MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17
S. 572 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Herra
hafnarfjörður

Firði, Hafnarfirði • Sími 572 3400

FERÐAGRILL

49.900
FULLT VERÐ
59.900

Vagn fylgir

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

11.900
FULLT VERÐ
13.900

19.900
FULLT VERÐ
24.900

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS

Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899

www.nings.is

LEIKIR

POPPLÉIKUR: DUKE NUKEM FOREVER

VARLA BIÐARINNAR VIRÐI

Allir sem hafa einhvern tíma komið nálægt tölvuleikjum ættu að þekkja Duke Nukem. Þessi fyrrverandi konungur skotleikjanna er búinn að vera fjárri góðu gamni í næstum 15 ár en hefur nú loksins látið sjá sig á nýjan leik. Þessi 15 ára bið hefur reynst mörgum aðdáendum hans erfið, en ekki tekur betra við þegar menn byrja að spila Duke Nukem Forever og sjá að leikurinn stendur engan veginn undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans.

Duke Nukem er hinn fullkomni karlmaður, stafræn útgáfa af Dolph Lundgren, fyrir utan háskólagráðuna í efnaverkfræði. Eftir að hafa bjargað heiminum frá grimmmum, gellustelandi geimverum hefur Duke notið lífsins í Las Vegas umvafinn yngis-meyjum, aðdáendum og áfengum drykkjum. En nú hafa geimverurnar snúið aftur og þarf Duke því að draga fram frasana og byssurnar á nýjan leik og bjarga heiminum og öllum gellunum.

Undirritaður ætlar alveg að láta það eiga sig að rífa í sundur misgáfulegar hönnunarákvarðanir framleiðenda leiksins, svo sem vopnakerfið eða egómælinn. Hinn alræmði karlrengu- og klósett-húmor leiksins fær sömuleiðis að vera óáreittur, sérstaklega þar



15 ÁRA BIÐ Á ENDA Hvað þarf marga menn til að bjarga heiminum frá innrás geimvera? Bara einn. Duke Nukem!

sem undirritaður hefur lúmskt gaman af honum. Það sem hins vegar er ekki hægt að líta framhjá er að leikurinn lítur skelfilega illa út, borðin eru illa hönnuð og tilfinningin sem maður fær við að spila leikinn er sú að hann sé bara háflkláraður. Sem er afrek fyrir leik sem er búinn að vera í vinnslu í nærri 15 ár, en ekki afrek sem maður ætti að stæra sig af.

Það er í raun endalaust hægt að vera að kroppa í þetta hræ sem hinn fyrrverandi konungur skotleikjanna er í dag. Gervigreind óvinanna er varla til staðar

og borðin virka sem samansafn af háflkláruðum hugmyndum sem enginn virðist hafa nennt að eyða meiri tíma í. Það er þó vissulega gaman að fá að leika sér aftur með klassísk Duke-vopn, svo sem smækkunarbyssuna og frystigeisla, og það vegur aðeins á móti öllu því slæma sem Duke Nukem Forever dregur fram í sviðsljósið. Duke Nukem Forever kemst langt á nostalgíunni en fortíðarþráin getur ekki breytt því að hér er á ferðinni tölvuleikur sem hefði ekki veitt af aðeins lengri þróunartíma. Segjum 10-15 ár í viðbót. - vij

SPILUN 3/5 GRAFIK 1/5 HLJÓÐ 2/5 ENDING 2/5 NIÐURSTADA



FJÖLHÆFUR Það er margt sem hægt er að gera af sér með kröftum Coles.

POPPLÉIKUR: INFAMOUS 2

SKÚLI RAFVIRKI Á STERUM

Það var einstaklega ánægjulegt þegar InFamous kom út á sínum tíma og sýndi það að ofur-hetjuleiki væri hægt að gera á sómasamlegan hátt. Nú hefur framhaldið, InFamous 2, verið gefið út og það er einstaklega gaman að greina frá því að hann er ekkert síðri en forverinn. Í InFamous 2 er haldið áfram að fylgjast með þolraunum Coles McGrath sem er nú mættur til borgarinnar New Marais þar sem tilgangurinn er að öðlast meiri krafta til að geta tekist á við höfuðóvininn, sem ber hið kjánalega nafn Beast. Þegar þangað er komið þarf Cole að takast á við harðskeytta skæruliða, hrikaleg fenjaskrímli og hermenn með ofurkrafta.

Spilun leiksins byggist á því að þróa hæfileika Coles, en fyrir þá sem misstu af fyrri leiknum þá hefur hann þann hæfileika að geta skotið og leitt rafmagn. Nokkurs konar Skúli rafvirki á sterum. Þetta gerir Cole með

því að bjarga íbúum borgarinnar (eða hrella þá), sígra skúrkana og safna rafmagnsflisum. Síðast-nefndi þátturinn treystir mikið á klifurkerfi leiksins, sem er skemmtileg þæling en mætti vera aðeins betur útfærð.

Karma spilar veigamikinn þátt í spilun leiksins. Leikmenn hafa alltaf val um hvort þeir vilji gera Cole að bjargvætti eða skúrki. Með því að bjarga saklausum borgurum fá menn gott karma en ákveði menn að skeyta lítið um mannfall meðal óbreyttra borgara hleðst upp illt karma. Karmað hefur síðan áhrif á hvaða krafta menn fá þegar líður á leikinn.

Í InFamous 2 er einnig kynntur til sögunnar möguleiki sem gerir leikmönnum kleift að búa til sín eigin borð. Þessum borðum er síðan hægt að deila með öðrum

leikmönnum. Þetta er mjög sniðug þæling sem gæti mögulega lengt líftíma leiksins töluvert, en kerfið sem heldur utan um þetta allt saman er í flóknari kantinum og leikmenn fá ansi takmarkaða kennslu áður en þeir þurfa að standa á eigin fótum.

InFamous 2 er mjög flottur leikur, með skemmtilegan söguþráð sem heldur mönnum við efnið allt til enda. Sú staðreynd að menn geta spilað í gegn sem annaðhvort hetjur eða skúrkar tvöfaldar líftíma leiksins sem er mjög jákvætt. Karmakerfið hefur verið betrubætt frá fyrri leik en þó finnst manni eins og það vanti meiri vig. En hverjir svo sem gallarnir á InFamous 2 kunna að vera þá er ekki hægt að líta fram hjá því að hér er á ferðinni einn af betri ofurhetju-leikjum síðustu ára.

SPILUN 5/5 GRAFIK 5/5 HLJÓÐ 4/5 ENDING 4/5 NIÐURSTADA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.-fös. kl. 9-18. Laugard. kl. 9-16 | Opið á sunnudögum í júní, júlí og ágúst.

Jaxon slöngubátur

Frábærir upplásnir bátar með hörðum botni sem pakkast í tösku og smella í skottið á fjölskyldu bílnum ekkert kerru vesen ekkert vesen með að geyma yfir vetur. Pumpa og árar fylgja.

3 STÆRÐIR

290cm **259.000 kr.**

320 cm **279.000 kr.**

360 cm **299.000 kr.**

CE vottaðir bátar og samþykktir af siglingastofnun. Léttir bátar sem þola allt að 20 hestafla mótör.

Frír Rafmagnsmótör fylgir sem er rúmt hestafl að vermæti **44.950 kr.** Takmarkað magn



Visa raðgreiðslur til 36 mán.

Vaxtalaust Visa lán til 6 mánaða



FRÍTT

Sjóstangveiðisett

Gott 4 legu hjól með raðara, teljara og línu 200 - 400 gr.stöng + uppsettur slóði með pilk.


Verð **22.740 kr.**

Tilboð **15.900 kr.**



Flökunarhnífur

Aðeins **1.990 kr.**



Orginal tré devonar

3 stærðir margir litir.

Verð **895 kr.**

Laxinn neglir þetta örugglega



Taimen dömu vöðlur og skór



Góðar vöðlur sér hannaðar fyrir konur og léttir skór frá snowbee.

Verð **42.850 kr.**

Tilboð **34.900 kr.**

FLOTT FLUGU BYRJENDASETT

- Lína 6 eða 7
- Jaxon 9 feta söng
- Jaxon large arbore diskabremshjól
- Jóakims flotlína
- Undirlína

- Polaroid gleraugu
- Derhúfa
- Taumur og 10 flugur í poka.

Fullt verð **29.275**

TILBOÐ 19.900 kr.



Barnaveiðisett



Stöng, lína, hjól, 2 flot, önglar, sigurnaglar, 1 spúnur og 10 silungaflugur.

Verð **4.990 kr.**

Veiðivesti (börm) **3.990 kr.**

Veiðihúfa **1.990 kr.**



Taimen herra öndunarvöðlusett og góðir vöðluskór Góðar 3 laga öndunarvöðlur með sandhlíf, belti og styrkingum á hnám.

Verð **41.930 kr.**

Tilboð **29.900 kr.**

Veiðivesti margar gerðir

Verð frá **.3.990 kr.**




Spúnar í úrvali

Flestir spúnar á **395 kr.**



Tilboð á Pilkum



Kauptu 2 pilka en fáðu 3

Pilkar frá **690 kr.**

Nú er þurrt! og þá er hvítmaðurinn lang besta beitan.

Silungurinn elskar þetta



Jaxon spin express

8 legu hjól auka spóla, hátt gírað. 2 ára ábyrgð

Verð **7.890 kr.**

Tilboð **6.900 kr.**



Frábær kasthjól á góðu verði

Jaxon marion 3 legu hjól auka spóla

Verð **2.990 kr.**



Mistral Ziro spinn hjól

Langvinsælasta spinn hjólið okkar 6 legur auka spóla og ótrúlega vel ballanserað. Þetta klikkar ekki 2 ára ábyrgð.

Verð **6.950 kr.**



5 GÓÐ RÁÐ

... UM HVERNIG Á AÐ HAGA SÉR Á FÓTBOLTALEIK

Gunnar Sigurðarson, vallarspekúlant á Mbl.is.

1 Skilvirkni. Ef þú sættir þig ekki við dómgæslu þá nægir að kalla „dómari!“. Dómarinn fer ekki að snúa sér að áhorfendum og hlusta nánar á langar tilfinningalegar ræður um andlega heilsu og líkamsvöxt.

2 Þátttaka. Að fara á völinn og horfa án þess að kalla og syngja! Þá er betra að vera heima og prufa heima-dítox úr eldhúskrananum og stilla á FM95,7. Hægt er að fara á leik með Víkingi Ólafsvík til að sjá hvernig þetta gengur fyrir sig.

3 Kurteisi. Að niðurlægja andstæðing sökum útlits eða holdafars, til dæmis rasshaus, gefur til kynna að þú vitir fátt annað um knattspyrnu en sögu Manchester United síðastliðin 15 ár. Að líkja búningum andstæðinga við búning Skallagríms er ekki niðurlægning.

4 Frumleiki. Leikmenn hafa gefið áhorfendum fingurinn eftir að hafa heyrt frumlegar athugasemdir úr stúku en uppskorið rautt spjald að launum frá dómranum. Frumleiki og kurteisi er úrvals hvatning.

5 Klæðnaður. Þú ferð ekki í græna latex-garðyrkjubolinn þinn á leik með Blikum, nema þú sért Bliki. Það á að sjást langar leiðir hvaða lið þú styður. Svo væri fínt að greiða sér og setja á sig ilm. Þetta er opinber vettvangur.

Allir út að leika

Komdu við í verslunum Vodafone í Smáralind og Kringlunni í dag, milli kl. 16 – 21.

Við tökum vel á móti öllum þeim sem vilja fræðast um snjallsíma og kynna sér flott forrit sem gaman og gagnlegt er að nota úti við.

LG Optimus Black
Einn léttasti snjallsíminn, bjartur, skýr og orkusparandi skjár.

6.666 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
Staðgreitt: 79.990 kr.
200 Mb á mánuði í 6 mánuði fylgir.

Komdu til okkar og farðu svo beint út að leika þér

vodafone.is

200 Mb
á mánuði í 6 mánuði fylgir

Frábært tæki í bílinn!

Pioneer

DEH-4300UB
4X50 W MOSFET magnari
Útvarp með 24 stöðva minni FM/MW/LW
USB og Aux in tengi á framhlið,
Mismunandi litir á skjá og hnöppum
Spilar MP3, WMA, CD-R, CD-RW
iPod og iPhone Ready
Verð kr. 35.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is